

STEF, Teosto og TONO hefja samstarf við ICE

18 september 2025 – Fréttatilkynning

International Copyright Enterprise (ICE), sem er samþættingarmiðstöð á sviði leyfisveitinga og bakvinnslu fyrir tónlistarútgefendur og höfundaréttarsamtök, tilkynnir í dag, að höfundaréttarsamtökin **STEF** (Ísland), **Teosto** (Finnland) og **TONO** (Noregur) hafa gengið til samstarfs til **ICE Core**, sem er markaðsleiðandi miðstöð leyfisveitinga fyrir streymisveitur á heimsvísu.

Þessi þrenn samtök hafa innan sinna raða samtals u.þ.b. 90.000 tónskáld og textahöfunda. Að undangenginni þarfagreiningu og ígrunduðu úrræðamati, þá hefja STEF, TONO og Teosto innleiðingu í ICE Core hvað varðar leyfisveitingar og bakvinnslu frá og með 1. janúar 2026. Samtökin bætast þar með í hóp 10 annarra stórra höfundaréttarsamtaka og sjálfstæðra tónlistarforleggjara, sem ICE hefur þjónustað um árabil í yfir 245 löndum.

„Leyfisveitingar til hinna ýmsu netþjónustufyrirtækja og samfélagsmiðla, sem starfa alþjóðlega, er ferli sem með hverju ári verður flóknara og meira krefjandi. Markmið Teosto er einfaldlega að starfa með öflugustu aðilunum á alþjóðavísu, til að tryggja að rétthafar okkar fái sem mest verðmæti fyrir notkun verka sinna. Ég tel að samstarf við ICE Core muni tryggja okkar félagsmönnum bestu mögulegu niðurstöðu til framtíðar. Við hlökkum til að vinna með ICE,“ segir **Risto Salminen, framkvæmdastjóri Teosto**.

„Við erum afar ánægð að tilkynna samstarf okkar við ICE Core. Samningurinn veitir okkur viðtækara alþjóðlegt sambandsnet, hagstæðari skilmála og tækifæri til að tryggja tíðari útgreiðslur til meðlima. Hann styrkir jafnframt getu okkar í gagnaöflun og -greiningu, sem verður lykilþáttur í áframhaldandi þróun bæði TONO og meðlima okkar. Samningurinn er hluti af markvissri nýrri stefnu TONO og markar nýtt upphaf. Metnaður okkar er skýr; Að skapa verðmæti fyrir alla sem skapa og fyrir alla sem nýta sér tónlist,“ segir **Karl Vestli, framkvæmdastjóri TONO**.

„Við erum spennt að taka á móti Teosto, TONO og STEF inn í ört stækkandi ICE Core,“ segir **Ben McEwen, framkvæmdastjóri hjá ICE**. „Þar sem öll samtökin eru nú þegar viðskiptavinir ICE í sambandi við höfundaréttarmál, þá er ákvörðun þeirra um treysta okkur einnig fyrir leyfisveitingum og bakvinnslu til vitnis um styrk þjónustu okkar og trú samtakanna á tæknilegum „end-to-end“ lausnum sem við höfum þróað á liðnum árum. Við kunnum að meta traustið, sem veitir okkur í leiðinni tækifæri til að auka og bæta þjónustu okkar til viðskiptavina. Við munum að sjálfsögðu leggja okkur í framkróka við að gæta réttinda höfunda þessara samtaka og erum staðráðin í að tryggja þeim sem mesta arðsemi.“

Um ICE Core

ICE Core er leiðandi lausn á sviði fjölþjóðlegra leyfisveitinga fyrir stafræna tónmiðlun, sem veitt hefur yfir 100 fjölþjóðlegum aðilum leyfi í 245 löndum fram til þessa. Tala mætti um „lagabanka“ í þessu sambandi, en „bankinn“ inniheldur verk meðlima höfundaréttarsamtakanna PRS, STIM, GEMA, IMRO, BMI, Sabam, AKM og fljótlega Teosto, TONO og STEF, auk sjálfstæðra aðila á borð við Concord, Songtrust og Peermusic. Sérfræðingar ICE í leyfisveitingum leggja höfuðáherslu á gagnaúrvinnslu og innsýn, til að tryggja framúrskarandi viðskiptaniðurstöður og markaðsgögn fyrir viðskiptavinum ICE.

Um ICE

ICE er tónlistartækni fyrirtæki, stofnað af rétthöfum fyrir rétthafa. Það tryggir nákvæmar, gagnsæjar höfundagreiðslur til höfunda og einfaldar leyfisveitingar, m.a. fyrir streymisveitur. Með samstarfi við útgefendur og höfundaréttarsamtök veitir ICE fyrsta flokks leyfis-, vinnslu- og höfundaréttarlausnir. ICE þjónustar yfir 330.000 rétthafa, hefur unnið úr trilljónum tónlistarstreyma og greitt út yfir 5 milljarða evra í höfundagreiðslur frá árinu 2016. ICE rekur höfundaréttargagnagrunn með yfir 55 milljón tónverkum og starfsemi sem nær til yfir 250 landa, í gegnum skrifstofur í Bretlandi, Þýskalandi og Svíþjóð. www.iceservices.com

Um STEF

Samtökin STEF voru stofnuð árið 1948, en meðlimir STEFs voru tæplega 11.000 í árslok 2024. Hlutverk STEFs er að varðveita og efla höfundarétt á sviði tónlistar. Fyrir hönd rétthafa veitir STEF leyfi fyrir opinberum flutningi og eintakagerð tónverka á Íslandi, gegn gjaldi. Þessum höfundaréttargreiðslum er síðan úthlutað á gagnsæjan og sanngjarnan hátt til meðlima. Í gegnum tíðina hefur STEF gegnt lykilhlutverki í íslenska tónlistargeiranum og stuðlað að nýsköpun, jöfnuði og þróun innan atvinnugreinarinnar. Viðskiptavinir STEFs eru m.a. útvarps- og sjónvarpsstöðvar, tónleikahaldarar, verslanir, veitingastaðir og tónlistarveitur. Árið 2024 úthlutaði STEF yfir milljarði króna til rétthafa. www.stef.is

Um TONO

TONO, sem stofnað var árið 1928, er sjálfseignarstofnun og samtök um sameiginlega umsýslu, í eigu og rekið af tónskáldum, textahöfundum og tónlistarforleggjum. TONO fer með fjárhagsleg réttindi tengd tónverkum meðlima og veitir leyfi gegn greiðslu fyrir opinberri notkun þeirra. Meðlimir TONO er rúmlega 43.000 norskir rétthafar, en auk þess innheimta samtökin fyrir milljónir alþjóðlegra höfunda í gegnum gagnkvæma samninga við systursamtök. Framtíðarsýn TONO er að skapa verðmæti fyrir alla sem skapa og alla sem nota tónlist. Árið 2024 námu tekjur TONO í fyrsta sinn yfir einum milljarði norskra króna (86,2 milljónir evra). www.tono.no

Um Teosto

Teosto er stærstu og þekktustu höfundaréttarsamtök í Finnlandi, en ríflega 42.000 tónskáld, textahöfundar, útsetjarar og forleggjarar eru þar meðlimir. Samtökin hjálpa til við að gera tónlistarsköpun að sjálfbærum atvinnuvegi, með leyfisveitingum gegn gjaldi til notenda tónlistar á öllum sviðum þjóðfélagsins og úthlutun þeirra fjármuna til rétthafa, en árið 2024 innheimti Teosto um 90 milljónir evra í höfundargreiðslur. Með starfi sínu stuðlar Teosto að betri framtíð fyrir höfunda og aðgengi að tónlist á löglegan og sanngjarnan hátt. www.teosto.fi